

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 75/2001, um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Lúðvík Bergvinsson.

1. gr.

Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða kemur: Fjármálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands segir að fjármálaráðuneytið fari með eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, svo og fyrirsvar vegna þeirra, m.a. að því er tekur til stjórnar fyrirtækja í eigu ríkisins að öllu leyti eða nokkru, nema lagt sé til annars ráðuneytis.

Það orkar tvímælis að sami aðili fari með æðsta vald í fyrirtæki og setji jafnframt almennar leikreglur fyrir öll fyrirtæki sem starfa í viðkomandi grein. Þannig háttar nú með samgönguráðherra sem fer með hlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf. og hefur jafnframt reglugerðarvald á þessu sviði og setur leikreglur fyrir markaðinn og fyrirtæki sem á honum starfa.

Þó að umsvif hins opinbera í samkeppnisrekstri hafi minnkað eru þau enn umtalsverð. Því er full ástæða fyrir löggjafann að huga að því hvaða breytingar er eðlilegt að gera í ljósi breyttra aðstæðna.

Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri einstakra fyrirtækja nær ekki að jafna þann mun sem er á aðstöðu opinbers fyrirtækis og einkafyrirtækis á markaði, einkum ef sami ráðherra hefur með höndum yfirstjórn fyrirtækis og setur jafnframt almennar reglur fyrir fyrirtæki á markaði. Brýnt er að þeirri meginreglu sem mörkuð er í reglugerðinni um Stjórnarráð Íslands sé fylgt og fjármálaráðuneytið fari með eignarhlut ríkisins í samkeppnisfyrirtækjum. Fagráðherra á hverju sviði verður þá fagráðherra allra fyrirtækja á viðkomandi sviði en ekki sérstakur ráðherra einstakra fyrirtækja. Slíkt hefur vakið tortryggni og hafa fyrirtæki á markaðinum haldið því fram að það leiddi til samkeppnisforskots að hafa undir höndum upplýsingar um að stjórnvaldsreglur af tilteknu tagi séu í undirbúningi.

Þeirrar tilhneigingar hefur gætt að þegar opinberum fyrirtækjum er breytt í hlutafélög fari viðkomandi fagráðherra áfram með hlut ríkisins í fyrirtækinu. Ef til stendur að selja hlut ríkisins getur komið upp afar erfíð staða fyrir viðkomandi ráðherra sem getur bitnað á fyrirtækinu sjálfu og starfsumhverfi fyrirtækja í viðkomandi grein. Samkvæmt lögum er samgönguráðherra yfirmaður fjarskiptamála í landinu. Hann fer jafnframt með eignarhlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. og á samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar að vinna að sölu fyrirtækisins.

Hann verður því að gæta þess að viðhalda virði fyrirtækisins hvað sem líður tæknibreytingum eða breytingum á markaðinum. Slíkt hlýtur að leiða til tortryggni og í einhverjum tilfellum til kæra á grundvelli samkeppnislaga.

Betra er fyrir opinberu fyrirtækin og markaðinn að leikreglur séu skýrar og að opinber fyrirtæki í samkeppnisgreinum séu ekki gagnrýnd fyrir að njóta þess sérstaklega að æðsti yfirmaður þeirra fari með stjórn og eignarráð í þeim og setji jafnframt leikreglur fyrir markaðinn almennt.

Frumvarp þetta var áður flutt á 125. þingi en varð ekki útrætt og er nú endurflutt með smávægilegum breytingum.